

**AUGLÝSING**  
**(VIII) um staðfestingu reglna sveitarfélaga**  
**um úthlutun byggðakvóta.**

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2009/2010 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

**Ísafjarðarbær.**

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta fiskveiðisins 2009/2010 fyrir Ísafjarðarbæ með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) a-liður 1. gr. breytist þannig: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006 eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 3. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 31. maí 2010.*

F. h. r.  
**Arndís Á. Steinþórsdóttir.**

---

*Hinrik Greipsson.*